

HAGNAÐUR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI 4,6 MILLJÓNIR EVRA

- Tekjur námu 172,6 milljónum evra, hækkuðu um 1,1% frá Q2 2017
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 2,9% drifið af 6.3% vexti í gámaskipakerfinu
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 10,9% drifið af 36.6% vexti í þurrvöruflutningum
- EBITDA nam 14,9 milljónum evra, dróst saman um 1,8 milljónir evra frá Q2 2017
- Hagnaður nam 4,6 milljónum evra samanborið við 4,9 milljóna evra hagnað Q2 2017
- Eiginfjárlutfall var 49,7% og nettóskuldir námu 128,8 milljónum evra í lok júní
- Afkomuspá fyrir árið 2018 er óbreytt á bilinu 57 til 63 milljónir evra en samkvæmt fyrirbyggjandi forsendum liggur afkoman frá neðri mörkum að miðgildi bilsins

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTRARREIKNINGUR	Q2 2018	Q2 2017	Breyting	%	6M 2018	6M 2017	Breyting	%
Rekstrartekjur	172.631	170.722	1.909	1.1%	328.163	314.222	13.941	4.4%
Rekstrargjöld	157.718	154.019	3.699	2.4%	305.999	288.209	17.790	6.2%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	14.913	16.703	(1.790)	(10.7%)	22.164	26.013	(3.849)	(14.8%)
Afskriftir	(7.918)	(7.485)	(433)	(5.8%)	(15.725)	(14.856)	(869)	(5.8%)
Rekstrar(tap) hagnaður - EBIT	6.995	9.218	(2.223)	24.1%	6.439	11.157	(4.718)	(42.3%)
Hrein fjármagnsgjöld	(901)	(2.836)	1.935	68.2%	(2.015)	(4.346)	2.331	(53.6%)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(345)	(65)	(280)	-	(1.015)	(173)	(842)	486.7%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.749	6.317	(568)	9.0%	3.409	6.638	(3.229)	(48.6%)
Tekjuskattur	(1.134)	(1.383)	249	18.0%	(380)	(1.511)	1.131	(74.9%)
Hagnaður tímabilsins	4.615	4.934	(319)	6.5%	3.029	5.127	(2.098)	(40.9%)
Hagnaður á hlut í evrum	0.0242	0.0253	0.0000	0.0%	0.0155	0.0255	0.0000	0.0%
Tekjubreyting	1.1%	35.4%			4.4%	31.3%		
EBITDA / rekstrartekjur	8.6%	9.8%			6.8%	8.3%		
EBIT / rekstrartekjur	4.1%	5.4%			2.0%	3.6%		
Nettóskuldir / LTM-EBITDA	2.41	1.45			2.41	1.45		
EFNAHAGSREIKNINGUR	30.06.2018	30.06.2017	Breyting	%	30.06.2018	31.12.2017	Breyting	%
Eignir	477,105	434,390	42,715	9.8%	477,105	459,515	17,590	3.8%
Fastafjármunir	325.766	280.665	45.101	16.1%	325.766	313.529	12.237	3.9%
Veltufjármunir	151.339	153.725	(2.386)	(1.6%)	151.339	145.986	5.353	3.7%
Eigið fé	237,086	236,706	380	0.2%	237,086	244,610	(7,524)	(3.1%)
Skuldir	240,019	197,684	42,335	21.4%	240,019	214,905	25,114	11.7%
Langtímaskuldir	135.344	91.208	44.136	48.4%	135.344	117.614	17.730	15.1%
Skammtímaskuldir	104.675	106.476	(1.801)	(1.7%)	104.675	97.291	7.384	7.6%
Vaxtaberandi skuldir	150.347	114.376	35.971	31.4%	150.347	125.984	24.363	19.3%
Nettóskuldir	128.830	77.768	51.062	65.7%	128.830	102.815	26.015	25.3%
Efnislegar eignir / heildareignir	86.1%	86.2%			86.1%	85.4%		
Eiginfjárlutfall	49.7%	54.5%			49.7%	53.2%		
SJÓÐSTREYMI	Q2 2018	Q2 2017	Breyting	%	6M 2018	6M 2017	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	8.019	11.779	(3.760)	(31.9%)	10.007	19.155	(9.148)	(47.8%)
Fjárfestingarhreyfingar	(10.914)	(24.989)	14.075	56.3%	(24.755)	(40.051)	15.296	38.2%
Fjármögnunarhreyfingar	1.869	9.176	(7.307)	79.6%	12.401	18.551	(6.150)	33.2%
Breyting á handbæru fé	(1,026)	(4,034)	3,008	74.6%	(2,347)	(2,345)	(2)	(0.1%)
Handbært fé í upphafi tímabils	21.614	41.356	(19.742)	(47.7%)	23.169	39.543	(16.374)	(41.4%)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	929	(714)	1.643	-	695	(590)	1.285	217.8%
Handbært fé í lok tímabils	21,517	36,608	(15,091)	(41.2%)	21,517	36,608	(15,091)	(41.2%)

GYLFI SIGFÚSSON FORSTJÓRI

„Eftir krefjandi fyrsta ársfjórðung ársins 2018, var afkoma annars ársfjórðungs meira í takt við okkar væntingar. Félagið fjárfesti í nýju vikulegu siglingakerfi með því að bæta tveimur skipum við og er því að fara í gegnum umbreytingarferli. Það mun taka tíma að byggja upp magn fyrir vikulega þjónustu en við erum bjartsýn á áætlanir okkar og útlitið varðandi bókanir er jákvætt, fyrir inn- og útflutning til og frá Íslandi, í Trans-Atlantic og Short-Sea. Á öðrum ársfjórðungi hófust flutningar fyrir nýja verksmiðju PCC á Húsavík sem eykur flutningsmagn á gráu línunni sem sinnir strandsiglingum við Ísland. Í ágúst tryggði félagið aukið magn frá Bretlandi í gegnum nýjan viðskiptavin sem mun m.a. flæða inn á gráu línuna. Flutningsmagn í Trans-Atlantic á grænu línunni á milli Norður Ameríku og Norður Evrópu/Skandinavíu heldur áfram að aukast og nam vöxtur í flutningsmagni um 44% á öðrum ársfjórðungi.

Magn á öðrum ársfjórðungi ársins í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst í takt við okkar væntingar eða um 2,9% samanborið við sama tímabil í fyrra. Magnaukningin er drifin áfram af 6,3% vexti í gámaskipakerfinu tengt Trans-Atlantic flutningum og Íslandi og Færeyjum, þrátt fyrir samdrátt í innflutningi á bílum til Íslands. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 115,9 milljónum evra og drógust saman um 1,4% samanborið við sama tímabil í fyrra, sem skýrist að mestu vegna gengishreyfinga, samdráttar í tekjum í Noregi og lægri tekjum af innfluttum bílum til Íslands. EBITDA af áætlunarsiglingum nam 10,2 milljónum evra samanborið við 11,8 milljónir evra í fyrra.

Vöxtur í magni í flutningsmiðlun á öðrum ársfjórðungi nam 10,9%, drifinn áfram af 36,6% vexti í þurrvöru en tekjur af flutningsmiðlun námu 56,8 milljónum evra og jukust um 6,6% samanborið við sama tímabil árið áður. EBITDA í flutningsmiðlun nam 4,7 milljónum evra samanborið við 4,9 milljónir árið áður.

Hrein fjármagnsgjöld á öðrum ársfjórðungi námu 0,9 milljónum evra samanborið við 2,8 milljónir evra árið áður. Það eru stöðugar áskoranir í sveiflum á alþjóðlegum flutningsverðum, í gjaldmiðlum og í olíuverði.

Hagnaður tímabilsins var svipaður og í fyrra og nam 4,6 milljónum evra samanborið við 4,9 milljónir í fyrra.

Til að koma til móts við þarfir markaðarins hóf félagið í ágúst siglingar á nýjar hafnir í Póllandi og í Litháen á meðan makríl vertið á Íslandi stendur yfir. Nýsmíðar félagsins á tveimur sérhæfðum gámaskipum, sem hvort um sig er 2,150 gámaeiningar, ganga samkvæmt áætlun og búist er við að þau verði afhent um mitt næsta ár. Fyrirhugað samstarf félagsins og Royal Arctic Line er til umsagnar hjá Samkeppniseftirlitinu. Eimskip keypti í ágúst 51% hlut í rekstrarfélaginu Tromsø Terminalen í Noregi sem starfrækir 7,000 tonna frystigeymslu í Tromsø sem þjónustar sjávarútveginn. Félagið hyggur á að byggja stærri frystigeymslu í Tromsø. Á fyrri helmingi ársins útvíkkaði félagið þjónustunet sitt með því að opna skrifstofur í Kaupmannahöfn og á Las Palmas.

Búist er við að magn og tekjur frá nýjum viðskiptavinum í áætlunarsiglingum auki arðsemi félagsins það sem eftir lifir árs. Þar að auki vinnur félagið að fjölda umbótaverkefna með það að markmiði að bæta rekstur og arðsemi félagsins, t.d. skil á leiguskipi í Noregi í júlí, draga úr rekstrarkostnaði tengdum gámaflota félagsins, lækkun á launakostnaði, aðlaganir á siglingakerfinu, aukin samlegð á milli skrifstofa félagsins, ásamt öðrum verkefnum.

Afkomuspá félagsins fyrir árið 2018 er óbreytt eða EBITDA á bilinu 57 til 63 milljónir evra en samkvæmt fyrirliggjandi forsendum liggur afkoman frá neðri mörkum til miðgildis bilsins.“

REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur Eimskips á öðrum ársfjórðungi 2018 námu 172,6 milljónum evra samanborið við 170,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2017 og hækkðu um 1,9 milljónir evra eða 1,1%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 2,9%, aðallega vegna vaxtar í gámaskipakerfinu tengt Íslandi, Færeyjum og Trans-Atlantic flutningum. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 115,9 milljónum evra samanborið við 117,5 milljónir evra fyrir sama tímabil í fyrra. Magnaukning í flutningsmiðlun nam 10,9% og tekjur af flutningsmiðlun námu 56,8 milljónum evra og jukust um 6,6%. Lægri alþjóðleg flutningsverð og þróun gjaldmiðla hafði neikvæð áhrif á tekjuvöxt.

Heildar rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 157,7 milljónum evra samanborið við 154,0 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi síðasta árs og jókst um 3,7 milljónir evra eða 2,4%. Rekstrargjöld í áætlunarsiglingum námu 100,7 milljónum evra, samanborið við 102,2 milljónir evra á síðasta ári. Rekstrargjöld í flutningsmiðlun námu 57,0 milljónum evra og jukust um 10,2% sem skýrist að mestu vegna aukningar í fluttu magni.

EBITDA fjórðungsins nam 14,9 milljónum evra samanborið við 16,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2017, lækkun um 10,7%. Afkoman var lituð af kostnaði tengdum þriðja skipinu á grænu línuna, spennu á ákveðnum markaðssvæðum tengdum frystiflutningi, gjaldmiðlum og olíuverði.

EBITDA af áætlunarsiglingum félagsins nam 10,2 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 11,8 milljónir evra á öðrum fjórðungi síðasta árs og lækkaði um 1,5 milljónir evra eða 12,9%. EBITDA af flutningsmiðlunarstarfsemi félagsins nam 4,7 milljónum evra, sem er lækkun um 0,3 milljónir evra eða 5,5%.

Afskriftir fjórðungsins námu 7,9 milljónum evra, jukust um 0,4 milljónir evra frá öðrum fjórðungi síðasta árs og stafar hækkunin einkum af auknum fjárfestingum í fastafjármunum, óefnislegum eignum og nýjum félögum í samstæðunni.

Hrein fjármagnsgjöld námu 0,9 milljónum evra á fjórðungnum samanborið við 2,8 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2017. Breytingin á milli ára skýrist einkum af neikvæðum gengismun á öðrum ársfjórðungi 2017.

Hagnaður á ársfjórðungnum nam 4,6 milljónum evra samanborið við 4,9 milljóna evra hagnað á öðrum ársfjórðungi í fyrra, sem er lækkun um 6,5%.

REKSTUR FYRSTU SEX MÁNAÐA ÁRSINS

- **Tekjur námu 328,2 milljónum evra, hækkuðu um 13,9 milljónir evra eða 4,4% frá 6M 2017**
 - Magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,4%; tekjur hækkuðu um 6,9 milljónir evra eða 3,3%
 - Magn í flutningsmiðlun jókst um 10,5%; tekjur hækkuðu um 7,0 milljónir evra eða 6,7%
- **EBITDA nam 22,2 milljónum evra og dróst saman um 3,8 milljónir evra eða 14,8% frá 6M 2017**

Rekstrartekjur Eimskips fyrstu sex mánuði ársins 2018 námu 328,2 milljónum evra samanborið við 314,2 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og hækkuðu um 13,9 milljónir evra eða 4,4%. Flutt magn í áætlunarsiglingum jókst um 3,4% og magnaukning í flutningsmiðlun var 10,5%.


Rekstrargjöld félagsins námu 306,0 milljónum evra samanborið við 288,2 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og jukust um 17,8 milljónir evra eða 6,2%. Hækkunin skýrist af aukinni afkastagetu siglingakerfisins, hærri olíukostnaði, hærri launakostnaði vegna almennra launahækkana og aukinna umsvifa og auknu flutningsmagni.

EBITDA tímabilsins nam 22,2 milljónum evra samanborið við 26,0 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum síðasta árs og dróst saman um 3,8 milljónir evra eða 14,8%. Afkoman var lituð af kostnaði tengdum aukinni afkastagetu á grænu og gráu línunni, gámakostnaði, spennu á ákveðnum markaðssvæðum tengdum frystiflutningi, gjaldmiðlum og olíuverði.

Neikvæð afkoma að fjárhæð 1,0 milljón evra varð af afkomu hlutdeildarféлага sem skýrist að mestu vegna sjóðs tengdum fjárfestingum í gámaskípum.

Hagnaður fyrir fyrstu sex mánuði ársins nam 3,0 milljónum evra samanborið við 5,1 milljón evra hagnað á sama tímabili í fyrra og dróst saman um 2,1 milljón evra.


Á eftirfarandi myndum kemur fram að flutt magn í áætlunarsiglingum félagsins og flutningsmiðlun hefur vaxið jafnt og þétt á árunum 2014 til 2018 samanborið við sama tímabil árið áður. Magnvísitalan á hægri ásnum miðast við að magnið árið 2010 sé 100.



Eimskip er með 21 skip í rekstri, þar af tólf eigin skip og níu leiguskip. Fjórtán af skipunum eru í áætlunarsiglingum, þrjú skip sinna „spot“ þjónustu, eitt skip er í stórflutningum og þrjú skip í ferjurekstri. Eimskip fækkaði um eitt leiguskip í Noregi í byrjun þriðja ársfjórðungs.

Rekstur félagsins hefur verið að vaxa á undanförunum árum eins og sjá má á eftirfarandi myndum.

Í milljónum evra



* 2.3 milljóna evra einskiptisliðum vegna kostnaðar var bætt við í Q1 2017 og 2.5 milljóna evra einskiptistekjur eru innifaldar í Q4 2017

EFNAHAGUR

- **Heildareignir námu 477,1 milljón evra í lok júní 2018**
- **Eiginfjárhlutfall var 49,7%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 150,3 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 128,8 milljónum evra**

Fastafjármunir námu 325,8 milljónum evra í lok júní 2018 samanborið við 313,5 milljónir evra í árslok 2017. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 21,5 milljónum evra samanborið við 24,2 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2017. Helstu fjárfestingar voru í nýjum gámum, tækjabúnaði fyrir höfnina á Húsavík og slíptöku skipa.

Veltufjármunir námu 151,3 milljónum evra í lok júní samanborið við 146,0 milljónir evra í árslok 2017. Handbært fé nam 21,5 milljónum evra í lok júní samanborið við 23,2 milljónir evra í árslok 2017. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur jukust úr 118,9 milljónum evra í árslok 2017 í 125,0 milljónir evra í lok júní 2018 vegna árstíðabundinna sveiflna.

Eigið fé nam 237,1 milljónum evra í lok júní og var eiginfjárhlutfallið 49,7% samanborið við 53,2% eiginfjárhlutfall í árslok 2017. Á aðalfundi félagsins þann 22. mars sl. var samþykkt að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 1.269,1 milljón króna, eða 10,4 milljónir evra sem greiddur var til hluthafa í apríl 2018.

Vaxtaberandi skuldir námu 150,3 milljónum evra í lok júní samanborið við 126,0 milljónir evra í árslok 2017. Eimskip og Íslandsbanki gerðu samkomulag í febrúar um aukningu og framlengingu á veltifjárláni til 18 mánaða að fjárhæð 90,0 milljónir evra. Félagið hefur dregið samtals 82,5 milljónir evra á lánið í tengslum við fjárfestingartengd verkefni. Nettó skuldir námu 128,8 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs samanborið við 102,8 milljónir evra í árslok 2017.

Skammtímaskuldir námu 104,7 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs samanborið við 97,3 milljónir evra í árslok 2017 en aukningin stafar aðalega vegna aukinna vaxtaberandi skulda.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 10,0 milljónum evra á fyrstu sex mánuðum ársins**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 24,8 milljónum evra**
- **Handbært fé var 21,5 milljónir evra í lok júní**

Handbært fé frá rekstri nam 10,0 milljónum evra á fyrri helmingi ársins 2018 samanborið við 19,2 milljónir evra árið áður.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 24,8 milljónum evra samanborið við 40,0 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2017. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 24,2 milljónum evra, þar af viðhalds capex uppá 15,4 milljón evrur, en stærstu fjárfestingarnar voru í gámum, slíptökum skipa og tækjabúnaði fyrir hafnarstarfsemi.

Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 12,4 milljónum evra á fyrsta helmingi ársins 2018 samanborið við 18,6 milljónir evra árið áður.

Handbært fé í lok júní var 21,5 milljónir evra samanborið við 23,2 milljónir evra í árslok 2017.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2018

Afkomuspá Eimskips fyrir árið 2018 er óbreytt frá því sem var kynnt í maí s.l. og er EBITDA á bilinu 57 til 63 milljónir evra. Miðað við fyrirliggjandi forsendur mun afkoma liggja frá neðra bili að miðgildi spárinnar.

Búið er við áframhaldandi vexti í gámaskipakerfinu. Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í Færeyjum en að vöxtur í Noregi dragist saman frá fyrra ári. Einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti í Trans-Atlantic og Short-Sea flutningum og að vöxturinn verði um 40% á milli ára. Samkeppni er áfram hörð á markaðssvæðum félagsins, sérstaklega í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi.

Frustiflutningsmiðlun átti undir högg að sækja á fyrsta ársfjórðungi og flutt magn dróst saman en það snerist við á öðrum ársfjórðungi með jákvæðum vexti. Flutt magn í þurrvöru hélt áfram að vaxa kröftuglega líkt og á fyrsta ársfjórðungi.

Félagið vinnur að ýmsum verkefnum og bindur vonir við að þau komist í framkvæmd á seinni helmingi ársins með það að markmiði að bæta afkomu og arðsemi rekstursins, t.d. með skilum á leiguskipi í Noregi, lækkun á rekstrarkostnaði gáma, lækkun á launakostnaði, aðlögun á siglingakerfinu, aukin samlegð skrifstofa og önnur verkefni.

Almenn óvissa er varðandi pólitíska áhættu á alþjóðavettvangi, spennu á ákveðnum viðskiptasvæðum, efnahagsaðstæður á heimsvísu, flutningsmagn, verð á flutningum, olíukostnað, gengisþróun og samkeppni.

HLUTHAFAR

- **Markaðsvirði Eimskips var 343,1 milljónir evra eða 42,9 milljarðar króna þann 30. ágúst 2018**

Lokaverð bréfa Eimskips í árslok 2017 var 250,50 krónur á hlut. Lokaverð þann 30. ágúst 2018 var 230,00 krónur á hlut, sem jafngildir 8,2% lækkun frá áramótum og var markaðsvirði félagsins miðað við fjölda útistandandi hluta því 42,9 milljarðar króna þann dag sem jafngildir 343,1 milljón evra. Fjöldi útgefinna hluta er 187.000.000, þar af eru 360.770 eigin hlutir. Fjöldi hluthafa í lok ágúst var 766.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir eru í þúsundum evra

REKSTUR	Q2 2018	Q1 2018	Q4 2017	Q3 2017	Q2 2017
Rekstrartekjur	172,631	155,532	175,884	173,868	170,722
Rekstrargjöld	157,718	148,281	163,986	154,581	154,019
EBITDA	14,913	7,251	11,898	19,287	16,703
EBIT	6,995	(556)	4,167	11,726	9,218
Hagnaður tímabilsins	4,615	(1,586)	2,885	8,792	4,934
EBITDA / rekstrartekjur	8.6%	4.7%	6.8%	11.1%	9.8%
EBIT / rekstrartekjur	4.1%	(0.4%)	2.4%	6.7%	5.4%
EFNAHAGUR	30.06.2018	31.03.2018	31.12.2017	30.09.2017	30.06.2017
Eignir	477,105	468,781	459,515	445,663	434,390
Eigið fé	237,086	231,016	244,610	242,703	236,706
Skuldir	240,019	237,765	214,905	202,960	197,684
Vaxtaberandi skuldir	150,347	137,410	125,984	112,960	114,376
Nettóskuldir	128,830	115,796	102,815	88,415	77,768
Eiginfjárlutfall	49.7%	49.3%	53.2%	54.5%	54.5%
SJÓÐSTREYMI	Q2 2018	Q1 2018	Q4 2017	Q3 2017	Q2 2017
Handbært frá rekstri	8,019	1,988	10,596	7,669	11,779
Fjárfestingarhreyfingar	(10,914)	(13,841)	(25,123)	(9,965)	(24,989)
Fjármögnunarahreyfingar	1,869	10,532	13,412	(9,382)	9,176
Handbært fé í lok tímabils	21,517	21,614	23,169	24,545	36,608

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Rannsókn Samkeppniseftirlitsins stendur enn yfir. Eimskip mun áfram leggja sig fram um að veita svör í samræmi við lagalegar skyldur félagsins. Það er félaginu fyrir bestu að niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir sem allra fyrst.

UM EIMSKIP

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim, með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu. Eimskip var stofnað árið 1914 og er með hlutabréf sín skráð á Nasdaq Iceland. Félagið rekur 63 starfsstöðvar í 20 löndum í fjórum heimsálfum, er með 21 skip í rekstri og hefur á að skipa um 1.800 starfsmönnum.

KYNNINGARFUNDUR 31. ÁGÚST 2018

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 31. ágúst 2018 í höfuðstöðvum félagsins að Kornögörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir annan ársfjórðung 2018. Uppgjörsgögn og upptöku af fundinum verður hægt að nálgast eftir fundinn á fjárfestasiðu Eimskips, www.eimskip.is/investors.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 á stjórnarfundum þann 30. ágúst 2018.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Hluthafafundur 6. september 2018
- Q3 2018: Uppgjör birt 20. nóvember 2018
- Q4 2018: Uppgjör birt 21. febrúar 2019
- Aðalfundur 2019: 21. mars 2019

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon forstjóri, s. 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, s. 525 7202
- Hallgrímur Björnsson, fjárfestatengsl, s. 825 7212, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari afkomutilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar tilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við sem segir í fyrirvara þessum.